

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Reyðarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	20.6.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Eftirlitsmaður</b>		
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	725312,177	512055,178

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlit. Engar ábendingar eru gerðar við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit í olíubirgðastöð Skeljungs hf. á Reyðarfirði hófst á skoðun gagna. Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöðina, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í lagi. Einn bensíngeymir er í stöðinni og var hann síðast botnþykktarmældur árið 2008 og þarf því að endurmæla hann á þessu ári. Bensínlögn af bryggju er sameiginleg Skeljungi hf. og Olíudreifingu ehf. og lét Olíudreifing síðast þrýstiprófa hana árið 2015. Afgreiðslulögn Skeljungs liggur frá bensíngeymi, í gegnum mengunarvarnarþróna, þar tvisvar í gegnum þróarvegg og inn í dæluhús. Tjöruborði til varnar tæringu er límdur á lögnina þar sem hún snertir jarðveg. Bensínlögn utan á afgreiðsluhúsi endar í barka / slöngu sem tengir flutningsgeyma við dælur í afgreiðsluhúsi.

Ekkert niðurfall er í mengunarvarnarþró en undantöppun er í lokuðu kerfi. Engin söfnun á rokkgjörnum gufum fer fram í stöðinni. Gegnumstreymi bensíns í stöðinni er minna en 500 tonn á ári og er hún því undanþegin kröfum um gufuumdurnýtingarbúnað.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum þar sem gegnumstreymi er minna en 5000 tonn á ári undanþegnir ákvæðum um gufuumdurnýtingarbúnað.

Afgreiðsluplan fyrir flutningsgeyma með niðurfall í lægsta punkti er tengt olíuskilju áður en frárennsli tengist fráveitulögnum sveitarfélagsins. Í eftirlitinu voru olíuleifar í frárennsli olíuskilju mældar með litaborða frá Macherey-Nagel og kom ekki fram litabreyting. Hreinsun frárennslis uppfyllir því kröfur í starfsleyfi. Bólholt ehf. hreinsaði olíuskiljuna í júlí.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og þró.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

## ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar eru gerðar við olíubirgðastöðina.

## ANNÆÐ

Átaksverkefni Umhverfisstofnunar snýr að gerð umhverfismarkmiða. Gefinn hefur verið út bæklingur í því skyni þar sem kostir mælanlegra markmiða eru útskýrðir. Bæklingurinn var afhentur í eftirliti. Eins var farið yfir breytingar sem ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi gerir til olíubirgðastöðva. Reglugerðin er nr. 884/2017.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018

Gottskálk Friðgeirsson